

Opið bréf frá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi til Alþingismanna

Háttvirtir þingmenn.

Þótt fæstir ykkar hafi ef til vill gert sér grein fyrir því eru nú 60 ár síðan Hið íslenska náttúrufræðifélag gaf íslenska ríkinu Náttúrugripasafnið, en það var þann 1. janúar árið 1947. Stofngjöfin samanstóð af veglegum byggingasjóði félagsins (þá 82.396,21 kr) og talsverðu magni náttúrugripa, svo sem uppstoppuðum ljónum, krókódílum og fuglum ásamt safni fallegra steina, bóka og fleiru. Á móti skyldi ríkið byggja yfir safnið í Reykjavík, reka það og veita félaginu þar starfsaðstöðu þegar nýtt hús væri risið. Svo illa er nú komið fyrir náttúrugripasafni því sem félagið gaf þjóðinni að gripir liggja undir skemmdum, safnið er í gömlu og óhentugu húsnæði, lokað er hluta ársins og viðhald þess er ekkert, enda hefur safnið engan starfsmann sem ber ábyrgð á rekstri þess. Í áratugi hafa háttvirtir þingmenn troðið marvaðann í málefnum náttúrugripasafnsins og þrátt fyrir góðan vilja margra þeirra hefur lítið áunnist. Eftir nokkurt flakk um bæinn var náttúrugripasafninu komið fyrir í einum 100 m² sal við Hverfisgötu árið 1967. Á 100 ára afmæli þess, árið 1989, var húsnæðið stækkað um helming þannig að í dag hefur safnið á að skipa tveimur tæplega 100 m² sölum, en engu starfsfólki. Síðan gerðist því sem næst ekkert í málefnum safnsins þar til núverandi menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, tók af skarið árið 2006 og lagði fram lagafrumvarp um náttúruminjasafn.



Munir frá gamla náttúrugripasafninu eru í dag geymdir hjá stofnunum ríkisins við óviðunandi aðstæður (ljósm. Helgi Torfason 2006).

Upphaf náttúruminjasafnsins má rekja til Björns Bjarnarsonar, sem síðar varð sýslumaður Dalamanna og þingmaður, en hann hvatti árið 1884 til þess fyrstur manna

að koma upp náttúrugripasafni í Reykjavík. Ásamt Stefáni Stefánssyni stofnuðu þeir árið 1887 *Íslenskt náttúrufræðisfélag* sem hafði þetta málefni á stefnuskrá sinni. Félagið lognaðist útaf, enda stofnað í Kaupmannahöfn á námsárum þeirra. Stefán hélt hins vegar merkinu uppi er hann kom til Íslands og stofnaði *Hið íslenska náttúrufræðifélag* 16. júlí 1889. Það félag starfar ennþá með þau meginmarkmið að fræða lærða og leika um náttúru landsins og að stuðla að því að hér verði komið upp veglegu náttúruminjasafni.

Hið íslenska náttúrufræðifélag hóf strax árið 1889 að safna gripum og opnaði sýningarsal árið 1890 í húsi Benedikt Gröndals á Vesturgötu 38. Síðar var ákveðið að gefa ríkinu safnið því það hafði vaxið mikið og starfsemin orðin full erfið fyrir félag áhugamanna. Íslenska ríkið eignaðist Náttúrugripasafnið árið 1947, er Eysteinn Jónsson var menntamálaráðherra. Gunnlaugur Halldórsson teiknaði safnahús sem átti að standa við Háskóla Íslands og var safninu úthlutað þar lóð árið 1952. Það vill svo til að nú, árið 2007, er einmitt verið að byggja hús á þessari lóð, að vísu ekki fyrir náttúruminjasafn, heldur fyrir vaxandi starfsemi Háskólans. Náttúruminjasafni voru úthlutaðar margar aðrar lóðir og segja fróðir menn að lóðirnar séu svo margar að varla sé til svo aumur blettur á höfuðborgarsvæðinu að þar hafi ekki einhvern tíma átt að standa náttúruminjasafn. Hver opinber nefndin rak aðra og allar komust að þeirri sömu niðurstöðu að það væri ómögulegt fyrir Íslendinga að eiga ekki glæsilegt náttúruminjasafn, svo mikið sem þjóðin á undir náttúrunni, jafnt til sjávar og sveita.

Síðla þings vorið 2006 lagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra fram frumvarp að lögum um náttúruminjasafn en það náði ekki afgreiðslu fyrir þingslit. Frumvarpið var svo lagt fyrir Alþingi aftur sl. haust og er nú til umfjöllunar í menntamálanefnd. Enn hefur kviknað vonarneisti hjá þeirri kynslóð náttúrufræðinga og náttúruunnenda sem láta sig einhverju varða að málið komist loksins á rekspöl – en til þess þarf stuðning ykkar alþingismanna. Miðað við stefnuskrár og málflutning allra þingflokka er ómögulegt að sjá annað en að þeir séu mjög fylgjandi þessu máli. Hér skiptir enda miklu máli fyrir menningu, menntun og fræðslu þjóðarinnar og ekki síður fyrir erlenda gesti að safnið verði vakið af svefni sínum. Stofngjöf Hins íslenska náttúrufræðifélags var mjög vegleg á sínum tíma, en þiggjandinn hefur ekki annast hana vel og því þarf að breyta.

Frumvarp menntamálaráðherra um náttúruminjasafn, eins þriggja höfuðsafna þjóðarinnar, liggur nú á borðum ykkar þingmanna og hér með skorar stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags á Alþingi Íslendinga að samþykkja þetta frumvarp eins fljótt og auðið er svo unnt sé að halda áfram með málið og að endingu að reisa hér og reka veglegt, glæsilegt og vandað náttúruminjasafn sem allir geta orðið stoltir af. Við megum ekki til þess hugsa að málið dagi uppi í höndum þingmanna eina ferðina enn.

Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags

Dr. Kristín Svavarsdóttir, líffræðingur, formaður

Dr. Helgi Torfason, jarðfræðingur, varaformaður

Dr. Kristinn J. Albertsson, jarðfræðingur, gjaldkeri

Dr. Hilmar J. Malmquist, líffræðingur, ritari

Droplaug Ólafsdóttir, líffræðingur, meðstjórnandi

Esther Ruth Guðmundsdóttir, jarðfræðingur, meðstjórnandi

Helgi Guðmundsson, íslenskufraeðingur, meðstjórnandi